# Kjarasamningar – nýtum sterka stöðu

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

## Mál málanna í dag



# Efnisyfirlit

**1** **Sterkur efnahagur en sömu sjálfskaparvítin**

2 Hagstæð ytri skilyrði hafa haldið aftur af verðbólgu

3 Nýtt kjarasamningslíkan er nauðsyn

4 Mýtur er varða íslenskan vinnumarkað

# Staðan sjaldan verið betri á einu lengsta hagvaxtarskeiði sögunnar

## Hagkerfið vex og útgjöld þjóðarinnar aukast

**Þjóðarútgjöld og hagvöxtur**
%, raunbreyting frá fyrra ári




## Uppsveiflan er ekki skuldsett heldur kaupmáttardrifin

**Hrein erlend staða þjóðarbúsins**
%, hlutfall af VLF




SA

# Það eru hins vegar blikur á lofti. Það er byrjað að hægja á vexti hagkerfisins.

Hagkerfið vex áfram, en á hægari takti

**Hagvöxtur (árleg breyting)**
%, landsframleiðsla á föstu verðlagi




SA

# Á sama tíma og verðbólga hefur haldist sögulega lág – svipuð meðaltali OECD

Verðbólguvæntingar virka vel ankeraðar

**Verðbólga á Íslandi**
%, 12 mánaða breyting




SA

## Launahækkanir verða á ný viðskila við framleiðniaukningu. Til langs tíma getur kaupmáttur launa ekki hækkað umfram undirliggjandi verðmætasköpun – það er kjarni máls

**Raunlaun og framleiðni**
Vísitala = 100 árið 1992




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Seðlabanki Íslands

SA

# Segin saga. Íslenskar framúrkeyrslur eru iðulega leiðréttar með gengisfalli

**Breytingar á gengi ISK gagnvart USD**
%, breyting á ársmeðaltölum




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Seðlabanki Íslands

SA

# Íslenskt þjóðarbú hefur sjaldan staðið betur. Þrátt fyrir að hafa hækkað laun langt umfram nágrannaþjóðir hefur verðbólga ekki látið á sér kræla og kaupmáttur vaxið mikið á undanförnum árum.

**1**




**Góð staða þjóðarbúsins**

- Hagvöxtur hefur verið mikill á undanförnum árum og þjóðarútgjöld aukast hratt. Byggði vöxturinn á auknum tekjum og verðmætasköpun fremur en skuldsetningu.
- Íslendingar hafa greitt hratt niður erlendar skuldir og er hrein skuldastaða þjóðarbúsins nú orðin jákvæð hafandi verið neikvæð um langa hríð.

**2**




**Verðbólga hefur haldist lág**

- Þrátt fyrir mikinn vöxt í hagkerfinu og miklar launahækkanir hefur verðbólga haldist lág og stöðug í sögulega langan tíma.
- Virðast verðbólguvæntingar vel akkeraðar og fátt bendir til annars en að verðbólgan haldist við eða undir verðbólgumarkmiði.

**3**




**Kaupmáttur hefur aukist mikið**

- Miklar launahækkanir undanfarinn ára samhliða lágri verðbólgu hefur orðið þess valdandi að kaupmáttur hefur vaxið hratt.
- Kaupmáttur byggir þó á verðmætasköpun í hagkerfinu og er því áhyggjuefni að raunlaun skuli aftur hækka mun hraðar en framleiðni eykst líkt og í aðdraganda efnahagsáfallsins árið 2008.

**4**




**Saga leiðréttinga í gegnum gengi**

- Þó íslenskur efnahagur líti vel út um þessar mundir er mikilvægt að verja góða stöðu. Áhyggjuefni er að framleiðni haldi ekki í við launaþróun.
- Íslendingar eiga langa sögu af því að hækka laun umfram getu hagkerfisins og hefur slíkt ójafnvægi iðulega verið leiðrétt með gengisfalli, handstýrðu eða gengishruni líkt og árið 2008.

SA

# Efnisyfirlit


1 Sterkur efnahagur en sömu sjálfskaparvítin

**2 Hagstæð ytri skilyrði hafa haldið aftur af verðbólgu**

3 Nýtt kjarasamningslíkan er nauðsyn

4 Mýtur er varða íslenskan vinnumarkað


SA

# Þó launakostnaður hafi vaxið úr öllu samræmi við nágrannaþjóðir hefur verðbólga haldist lág

**Launakostnaður á framleidda einingu og neysluverðsvísitala**
- %, breyting milli ára




**Launakostnaður á framleidda einingu síðastliðin tvö ár**
- %, uppsöfnuð breyting frá 2014-2016



# Leiðin sem var farin 2015 verður ekki endurtekin – takmörk eru fyrir hækkun raungengis




Heimildir: Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs

# Íslendingar hafa haldið kaupmáttaraukningu síðustu kjarasamninga og gott betur

**Raungengi á mælikvarða launa er komið á svipaðar slóðir og árið 2007**

**Raungengi á mælikvarða launa**
- vísitala, 2005 = 100




Heimildir: Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs

# Þjóðarbúið stendur vel í dag en ætlum við að hætta á nýja kollsteypu?

## Sterka stöðu innlends efnahags þarf að varðveita…




## …það gerum við ekki með því að gera sömu mistök ár eftir ár. Endurtekin mistök!



**Í aðdraganda síðustu kjarasamninga spáðu SA og aðrir greiningaraðilar mun meiri verðbólgu en á endanum varð raunin.**

**Getum við endurtekið leikinn?**

# Skýring 1. Viðskiptakjör Íslands hafa batnað til muna frá síðustu kjarasamningum




Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs

SA

# Skýring 2. Krónan hefur styrkst umtalsvert gagnvart helstu gjaldmiðlum




Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar efnhagssviðs

SA

# Skýring 3. Tilkoma nýrrar útflutningsgreinar hefur aukið verðmætasköpun

**Útflutningur Íslendinga 2009-2017**
- milljónir íslenskra króna, verðlag hvers árs





Viðskipti | mbl | 4.10.2017 | 9:39

Ferðaþjónustan 8,4% af landsframleiðslu

Erlendir ferðamenn á Þingvöllum. mbl.is/Ómar Óskarsson

Heimild: Ferðamálastofa, visir.is

SA

# Skýring 4. Afnám tolla og vörugjalda lækkaði verð innfluttra vara markvert

**Verðvísitölur vara sem álögur voru lækkaðar á**
- Vísitala, = 100 árið 2008







Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar efnhagssviðs

# Kjarasamningum síðustu fylgdu ekki sú verðbólga sem spáð hafði verið. Liggur í augum uppi að hagstæð ytri skilyrði eru þar meginskýring. Ef endurtaka á leikinn í næstu lotu er verið að treysta á áframhaldandi styrkingu gengis og bætt viðskiptakjör sem þegar eru bæði í sögulegum hæðum. Slíkt er óábyrgt.

**1**




**Laun hækkuðu mikið en verðbólga hélst lág**

- Kjarasamningalotan árið 2015 var mjög hörð. Fór svo að lokum að laun á almennum markaði voru hækkuð langt umfram það svigrúm sem bæði SA og Seðlabankinn töldu samræmast verðstöðugleika.
- Þrátt fyrir miklar launahækkanir hefur verðbólga haldist lág og stöðug sem af er samningstímanum.

**2**




**Heppnin var með okkur**

- Ástæður þess að sá kostnaður sem kjarasamningarnir lögðu á launagreiðendur hefur ekki skilað sér í aukinni verðbólgu á meira skylt við heppni en nokkuð annað.
- Ytri skilyrði hafa batnað mikið á samningstímanum, hærra verð fæst fyrir innlendar vörur en áður og olía sem er stór kostnaðarliður hefur hríðfallið á undanförnum árum.

**3**




**Íslenska krónan styrktist markvert**

- Ein meginástæða þess verðstöðugleikans er þó mikil styrking íslensku krónunnar.
- Áframhaldandi veldisvöxtur varð á komum ferðamann til landsins og einnig hefur hátt innlent vaxtastig laða að erlenda fjárfesta.
- Allt hefur þetta leitt til styrkingar íslensku krónunnar og dregið úr kostnaði innlendra fyrirtækja.

**4**




**Frekari hækkun raungengis væri ósjálfbær**

- Miklar launahækkanir samhliða mikilli gengisstyrkingu hefur aukið kaupmátt innlendra launþega í erlendum gjaldmiðli. Er raungengi á mælikvarða launa nú á svipuðum slóðum og árið 2007.
- Mikil styrking raungengis án samsvarandi framleiðniaukningar dregur úr samkeppnishæfni þjóðarbúsins og er ekki sjálfbær til lengri tíma.

SA

# Efnisyfirlit


1 Sterkur efnahagur en sömu sjálfskaparvítin

2 Hagstæð ytri skilyrði hafa haldið aftur af verðbólgu

**3 Nýtt kjarasamningslíkan er nauðsyn**

4 Mýtur er varða íslenskan vinnumarkað


SA

# Síðustu ár hafa verið gjöful vegna ytri aðstæðna. Hæpið er að treysta á að það endurtaki sig.

## Launahækkanir úr öllu samræmi við nágrannaþjóðir

Síðustu kjarasamningar voru kostnaðarsamir. Þrátt fyrir miklar launahækkanir hefur verðbólgan haldist lítil. Ástæðuna má rekja til þróunar ýmissa ytri þátta.




## Getum ekki áfram treyst á hagstæð ytri skilyrði

Góð þróun viðskiptakjara og styrking krónunnar hefur haldið niðri verðbólgu á Íslandi. Við getum ekki treyst á að sú þróun verði viðvarandi, er það raun nær ómögulegt með tilliti til t.d. raungengis.




## Raungengi krónunnar hefur náð hápunkti

Raungengi íslenskra launa er komið í sögulegar hæðir. Eykur það kaupmátt Íslendinga erlendis en dregur á sama tíma úr samkeppnishæfni þjóðarbúsins. Frekari hækkun er hvorki sjálfbær né möguleg.




SA

# Salek: Hvað er ný það? Grunnurinn að nýju samningamódeli að norrænni fyrirmynd

- **SALEK er skammstöfun fyrir samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga.** SALEK er afrakstur vinnu sem hófst 2013 með úttekt BSRB, KÍ, BHM, ASÍ, SA og samninganefnda ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum, þar sem áhersla var lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins.

- **Með samstarfinu vilja heildarsamtökin stuðla að því að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga með Norðurlöndin sem fyrirmynd.** Markmiðið er að auka kaupmátt á grundvelli lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis. Á hinum Norðurlöndunum hefur tekist að auka kaupmátt tvisvar sinnum meira á ári á síðustu 15 árin en hér á landi. Auk þess er samkomulaginu ætlað að stuðla að friði á vinnumarkaði og auknum stöðugleika.

SA

# Óábyrgt að halda áfram á sömu braut. Miklar launahækkanir leiða reglulega til ofriss krónunnar

**2016: Launakostnaður á framleidda einingu**
-(ársbreyting %)




Heimild: OECD

**Raungengi á mælikvarða launa**
- vísitala, 2005 = 100




Heimild: Seðlabanki Íslands

SA

# Val milli tveggja leiða í kjaraviðræðum

## Sama stefna: Launahækkanir umfram svigrúm

Launastefna:

- Hækkanir langt umfram nágrannalönd

Hver gefur merkið?

- Hið opinbera

Þróun kjaraviðræðna

- Áframhaldandi togstreita milli opinbera og almenna geirans. Höfrungahlaup heldur áfram þar sem launþegahópar knýja á um leiðréttingar fyrir sinn hóp á víxl.

Hvers má vænta?

- Aukin verðbólga
- Hærri vextir
- Versnandi samkeppnisstaða
- Lægra gengi íslensku krónunar

## Norræna leiðin: Launahækkanir í samræmi við framleiðslugetu

Launastefna:

- Hækkanir í samræmi við framleiðslugetu

Hver gefur merkið?

- Útflutningsgreinar

Þróun kjaraviðræðna

- Merki útflutningsgreina verður viðmið fyrir aðrar stéttir og skapar þannig ramma fyrir kjaraviðræður og mögulegar launahækkanir

Hvers má vænta?

- Aukinn verðstöðugleiki
- Svigrúm til vaxtalækkana
- Aukin samkeppnishæfni þjóðarbúsins
- Stöðugt gengi íslensku krónunnar

SA

# Val milli tveggja leiða í kjaraviðræðum

## Sama stefna: Launahækkanir umfram svigrúm

Launastefna:

- Hækkanir langt umfram nágrannalönd

Hver gefur merkið?

- Hið opinbera

Þróun kjaraviðræðna

- Áframhaldandi togstreita milli opinbera og almenna geirans. Höfrungahlaup heldur áfram þar sem launþegahópar knýja á um leiðréttingar fyrir sinn hóp á víxl.

Hvers má vænta?

- Aukin verðbólga
- Hærri vextir
- Versnandi samkeppnisstaða
- Lægra gengi íslensku krónunar

?

## Norræna leiðin: Launahækkanir í samræmi við framleiðslugetu

Launastefna:

- Hækkanir í samræmi við framleiðslugetu

Hver gefur merkið?

- Útflutningsgreinar

Þróun kjaraviðræðna

- Merki útflutningsgreina verður viðmið fyrir aðrar stéttir og skapar þannig ramma fyrir kjaraviðræður og mögulegar launahækkanir

Hvers má vænta?

- Aukinn verðstöðugleiki
- Svigrúm til vaxtalækkana
- Aukin samkeppnishæfni þjóðarbúsins
- Stöðugt gengi íslensku krónunnar

SA

# Nýja íslenska vinnumarkaðslíkanið: Hóflegar launahækkanir eru almannagæði

Norðurlöndin: Árleg breyting að meðaltali á launum, verðlagi og kaupmætti, 1990-2016




Heimild: Steinar Holden (2016) og Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum, maí 2013

SA

# Efnisyfirlit


1 Sterkur efnahagur en sömu sjálfskaparvítin

2 Hagstæð ytri skilyrði hafa haldið aftur af verðbólgu

3 Nýtt kjarasamningslíkan er nauðsyn

**4 Mýtur er varða íslenskan vinnumarkað**

**Varist yfirlýsingar í aðdraganda kosninga.**

**Í umræðu innlend efnahagshagsmál, hvort sem um ræðir kjaramál eða almenna efnahagslega stöðu, virðist oft gætast nokkurrar vanþekkingar og misskilnings á raunverulegri stöðu.**

**Staðreyndirnar tala sínu máli.**

Heimild: OECD

SA

# Mýta 1. Tekjudreifing er ójöfn á Íslandi




Heimild: OECD

# Mýta 2. Lágmarkslaun á Íslandi eru lág í alþjóðlegum samanburði




Heimild: OECD

SA

# Mýta 3. Laun á Íslandi eru lægri en í nágrannaríkjum




Heimild: OECD

# Mýta 4. Launafólk fær lítið af þeim verðmætum sem eru sköpuð




Heimild: OECD

# Mýta 5. Húsnæðiskostnaður sligar Íslendinga meira en aðrar þjóðir




Heimild: Eurostat

SA

# Mýta 6. Húsnæðiskostnaður sligar Íslendinga meira en aðrar þjóðir




Heimild: Eurostat

SA

# Mýta 7. Opinber útgjöld hafa verið skorin inn að beini

**Opinber útgjöld eru hér um 40% af landsframleiðslu og er það töluvert yfir meðaltali Evrópuríkja**

**Útgjöld hins opinbera 2015, leiðrétt**
- % hlutfall af landsframleiðslu




Heimild: OECD

SA

# **Mýta 8:** Skattar eru lágir á Íslandi




* Árið 2014 fyrir Ástralíu, Japan og Pólland

Heimild: OECD

# Niðurstöður: Varðveitum það sem áunnist hefur – annað er að tefla í tvísýnu góðri stöðu

**1**




**Góð staða þjóðarbúsins**

- Hagvöxtur hefur verið mikill á undanförnum árum og þjóðarútgjöld aukast hratt. Byggði vöxturinn á auknum tekjum og verðmætasköpun fremur en skuldsetningu.
- Íslendingar hafa greitt hratt niður erlendar skuldir og er hrein skuldastaða þjóðarbúsins nú orðin jákvæð hafandi verið neikvæð um langa hríð.

**2**




**Verðbólga hefur haldist lág**

- Þrátt fyrir mikinn vöxt í hagkerfinu og miklar launahækkanir hefur verðbólga haldist lág og stöðug í sögulega langan tíma.
- Virðast verðbólguvæntingar vel akkeraðar og fátt bendir til annars en að verðbólgan haldist við eða undir verðbólgumarkmiði.

**3**




**Kaupmáttur hefur aukist mikið**

- Miklar launahækkanir undanfarinn ára samhliða lágri verðbólgu hefur orðið þess valdandi að kaupmáttur hefur vaxið hratt.
- Kaupmáttur byggir þó á verðmætasköpun í hagkerfinu og er því áhyggjuefni að raunlaun skuli aftur hækka mun hraðar en framleiðni eykst líkt og í aðdraganda efnahagsáfallsins árið 2008.

**4**



**Ekki endurtaka mistök fortíðar**

- Miklar launahækkanir undirrót óstöðugleika.
- Norræna leiðin augljós kostur.

SA


1
Staða efnahagsmála er öfundsverð
2
Horfum til Norðurlanda
3
Rétti tíminn er núna – aðrar leiðir eru fullreyndar

# Hagvöxtinn heim

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssvið SA

# Efnisyfirlit


1 Níu atriði sem einkenna núverandi stöðu

2 Hvernig varðveitum við núverandi stöðu?

3 Samantekt

# Efnisyfirlit


**1 Níu atriði sem einkenna núverandi stöðu**

2 Hvernig varðveitum við núverandi stöðu?

3 Samantekt

# 1. Núverandi hagvaxtarskeið er eitt það lengsta í sögunni

**Þrjú síðustu hagvaxtarskeið á Íslandi**
Vísitala landsframleiðslu frá upphafisári




Heimild: Hagstofa Íslands

# 2. Óskuldsett uppsveifla til tilbreytingar. Íslendingar eru hreinir lánveitendur til útlanda

**Hrein erlend staða Íslands í samanburði við safn landa í Evrópu**
- % af landsframleiðslu




Heimild: Seðlabanki Íslands

# 3. Á árinu 2016 var hvergi minna atvinnuleysi meðal OECD ríkja en á Ísland

**Atvinnuleysi árið 2016**
(%)




Heimild: OECD

# 4. Á árinu 2016 var hvergi meiri atvinnuþátttaka meðal OECD ríkja en á Ísland

**Atvinnuþátttaka árið 2016**
(%)




Heimild: OECD

SA

# 5. Á Íslandi er mesti tekjujöfnuður meðal OECD




Heimild: OECD

# 6. Á árinu 2016 var ein mesta kaupmáttaraukning á Íslandi

**Kaupmáttur launa árið 2016**
- hlutfallsleg breyting milli ára, raunlaun




Heimild: OECD

SA

# 7. Ísland er á toppi tíu yfir ríkustu þjóðir innan OECD




Heimild: OECD

# 8. Lífshamingja Íslendinga er með því hæsta sem gerist

**OECD Lífshamingjuvísitala**
Lífsfylling (1-10)




Heimild: OECD

# 9. Þjóð sem er rík af auðlindum. Útflutningstekjur loksins miklar í alþjóðlegum samanburði.

**Útflutningstekjur á Íslandi (2016)**
Milljónir króna




**Útflutningstekjur helstu samanburðarlanda 2016**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu




Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs, útreikningar SAF

SA

# Efnisyfirlit


1 Níu atriði sem einkenna núverandi stöðu

**2 Hvernig varðveitum við núverandi stöðu?**

3 Samantekt


SA

# Ísland er lítið eyland í miðju Atlantshafi



# Ísland er lítið eyland í miðju Atlantshafi



# Útflutningstekjur Íslendinga eru loksins miklar í alþjóðlegum samanburði. Vegna smæðar landsins erum við þó háðari utanríkisviðskiptum.

**Ísland er smáríki í Atlantshafi**

- Þrátt fyrir að sem hlutfall af landsframleiðslu sé útflutningur yfir meðaltali hér þá ber að hafa í huga að Ísland er smáríki.
- Við ættum því öllu jafna að vera háðari utanríkisviðskiptum en aðrar stærri þjóðir.

**Útflutningstekjur helstu samanburðarlanda 2016**

Hlutfall af vergri landsframleiðslu




Heimild: OECD

# Miklar hagsveiflur er óheppileg sértaða fyrir Ísland. Kemur það niður á samkeppnishæfni landsins og heftir vaxtarbrodda í útflutningi. Fátt er því mikilvægara en að auka stöðugleika.

**Hagvöxtur og verðbólga**

Hlutfallsleg breyting á milli ára




### Öfgarnar á Íslandi

- Nánast sama hvert litið er stingur Ísland í stúf þegar kemur að sveiflum í landsframleiðslu og verðlagi.
- Frá árunum 2001-2016 hefur staðalfrávik í hagvexti verið 4,2% sem er heilu prósentustigi hærra en hjá Finnlandi.
- Á sama tímabili hefur staðalfrávik í verðbólgu á Íslandi verið tæp 3,5% eða heilum tveimur prósentustigum hærri en gerist að meðaltali í OECD.
- Stöðugt verðlag og jafn vöxtur hagkerfisins styrkir samkeppnisstöðu þjóða og er verðugt markmið fyrir Ísland.

Heimild: Macrobond

SA

# Framleiðni á Íslandi er lítil í alþjóðlegum samanburði. Forsenda aukinnar verðmætasköpunar fyrir smærri ríki er sókn útflutningsgreina á stærri alþjóðlega markaði.

**Framleiðni: Landsframleiðsla á vinnustund 2016**
Leiðrétt fyrir kaupmáttarjöfnuði (PPP) í USD á verðlagi 2010




**Af hverju viljum við auka framleiðni?**

- Aukin framleiðni helst í hendur við bætt lífskjör og auknum kaupmætti hjá þeim sem landið byggja.
- Innlendar greinar líða fyrir smæð markaðar, það á hins vegar ekki við um útflutningsgreinar sem starfa á stærri markaði.
- Framleiðni er ólík meðal atvinnugreina og það ætti ekki að koma á óvart að útflutningsgreina eru almennt með fremur mikla framleiðni.
- Sókn útflutningsgreina á stærri markaði er því ein megin forsenda þess að unnt sé að auka verðmætasköpun í landinu sem allir njóta góðs af.

Heimild: OECD

SA

# Íslenskur sjávarútvegur er með háa framleiðni í alþjóðlegum samanburði

**Framleiðni vinnuafls**

%, hlutfallslegur samanburður á framleiðni vinnuafls í atvinnugreinum á Íslandi og á Norðurlöndunum (meðaltal 2009-2015)[1]




[1]Málmframleiðslu er hér sleppt í þessum samanburði

Heimildir: Hagstofa Norðurlandanna, OECD, Viðskiptaráð og SFS

SA

# Ísland er aðeins dropi í haf heimshagkerfisins: Innlendar greinar líða fyrir smæð markaðar




Heimild: OECD

# Breytt landslag: Útflutningsgreinum hefur vaxið ásmegin í núverandi uppsveiflu.

**Skipting landsframleiðslu**
Hlutdeild liða í landsframleiðslu (prósent)




Heimild: Hagstofa Íslands

## Breytt landslag: Eftir sjö ára samfellt hagvaxtarskeið stendur gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins undir innlendri neyslu og því engin þörf á erlendri skuldasöfnun.

**Útflutningstekjur á Íslandi (1995-2016)**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu




**Landsframleiðsla, innlend eftirspurn og útflutningur (2011-2016)**
Vöxtur á föstu verðlagi ársins 2011 (vísitala)




Heimild: Hagstofa Íslands

SA

# Breytt landslag: Síðasta uppsveifla var drifin áfram af aukinni skuldsetningu og viðvarandi viðskiptahalla. Í núverandi uppsveiflu hafa erlendar skuldir verið greiddar niður.

**Hrein erlend staða þjóðarbúsins**
Hlutfall af VLF




**Viðskiptajöfnuður Íslands**
Hlutfall af VLF




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

SA

# Góðæri. Tvær síðustu uppsveiflur eru gjörólíkar. Hagkerfið stendur nú á traustari grunni og er ekki eins berskjaldað þegar til bakslags kemur. Mikilvægt er að varðveita þá stöðu.



# Til að varðveita núverandi stöðu þá þurfa útflutningstekjur að aukast með stækkandi hagkerfi

**Vöxtur útflutningstekna ef viðhalda á 3% hagvexti til ársins 2036**
Milljarðar íslenskra króna (á verðlagi ársins 2016)




**Alþjóðageirinn**
- Hefur verið lítill vöxtur. Talsverð tækifæri til að auka útflutning.

**Ferðaþjónusta**
- Takmarkaðar náttúruauðlindi setja vexti greinarinnar skorður.
- Tækifæri til að auka verðmætasköpun greinarinnar.

**Ál og sílikon**
- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður.

**Sjávarafurðir**
- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður. Áfram tækifæri til aukinnar framleiðni.

Heimildir: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, útreikningar efnahagssviðs

SA

# Til að varðveita núverandi stöðu þá þurfa útflutningstekjur að aukast með stækkandi hagkerfi

**Vöxtur útflutningstekna ef viðhalda á 3% hagvexti til ársins 2036**
Milljarðar íslenskra króna (á verðlagi ársins 2016)




Ef viðhalda á 3% hagvexti á næstu árum án þess að auka skuldsetningu þá þarf að tvöfalda útflutning á næstu 20 árum.

***Útflutningur þarf því að vaxa um 1.000 milljarða króna.***

**Nýr útflutningur**
- Spurningin er hins vegar hvernig hægt sé að tryggja þennan vöxt útflutningsverðmæta og hvaðan hann eigi að koma?

**Alþjóðageirinn**
- Hefur verið lítill vöxtur. Talsverð tækifæri til að auka útflutning.

**Ferðaþjónusta**
- Takmarkaðar náttúruauðlindi setja vexti greinarinnar skorður.
- Tækifæri til að auka verðmætasköpun greinarinnar.

**Ál og sílikon**
- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður.

**Sjávarafurðir**
- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður. Áfram tækifæri til aukinnar framleiðni.

Heimildir: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, útreikningar efnahagssviðs

SA

# Lærum af reynslu Norðurlanda. Óumdeilt er mikilvægi útflutningsgreina fyrir þjóðarbúið. Til að tryggja að þær vaxi og dafni hér á landi er mikilvægt að tryggja samkeppnisstöðu þeirra.

## Á sama tíma og lítil áhersla er á Íslandi að verja samkeppnisstöðu útflutningsgreina…

Innlent #ferðaþjónusta

**Hátt gengi krónunnar farið að bíta hjá ferðaþjónustunni**

…reg að harðna.

**Óttast að stöðug styrking krónunnar valdi öðru hruni**

Heimir Már Pétursson skrifar 9. desember 2016 11:58

#efnahagsmál #viðskipti

**Óttinn við ofris krónunnar augljós**

Styrking krónunnar virðist vera fara að hringja viðvörunarbjöllum hjá stjórnvöldum.

Viðskipti | mbl | 8.2.2017 | 12:07 | Uppfært 19:00

**Farið að reyna á þanþol þjóðarbúsins**

Viðskipti | mbl | 4.9.2017 | 10:23

**Launahækkanir meiri en í viðskiptalöndum**

Miðvikudagur 12.04.2017 - 15:45 - Ummæli (2)

**Ísland fellur um sjö sæti yfir samkeppnishæfustu ferðamannastaðina**

## …er mikil áhersla lögð á að verja samkeppnisstöðu útflutningsgreina á Norðurlöndunum.

**Venter 2,5 prosent lønnsvekst i 2017**

Norges Banks Regionalt Nettverk anslår en årslønnsvekst på 2,5 prosent for inneværende år.

Næringsliv Norge

**Eksportindustrien har hatt den sterkeste veksten**

Norske bedrifter melder om «moderat» vekst fremover, viser Norges Banks temperaturmåling av norsk økonomi.

**Derfor vil NHO ha et nytt moderat lønnsoppgjør**

Nå må vi betale regningen for at oljeindustrien lot kostnadene løpe løpsk i de gode årene, mener landets fremste arbeidsgiverorganisasjon.

SAMLINGSPARTIET

**Vartiainen: Det är nonsens att tala för löneökningar**

**Økonom om lønstigninger: Træerne vokser ikke ind i himlen**

**Nå starter jakten på Norges beste eksportbedrift**

SA

## Mikilvægt að varðveita núverandi stöðu. Frekari raungengishækkun er hvorki sjálfbær né yfir höfuð möguleg.

**Raungengi krónunnar**
Vísitala = 100 árið 1990




Heimildir: Macrobond

## Mikilvægt að varðveita núverandi stöðu. Frekari raungengishækkun er hvorki sjálfbær né yfir höfuð möguleg.

**Raungengi krónunnar**
Vísitala = 100 árið 1990




Heimildir: Macrobond

SA

# Sóknarfæri liggja hér: Skapa þarf umhverfi þar sem ólíkar útflutningsgreinar geta þrifist

## Auðlindabundnar útflutningsgreinar

- Næg tækifæri eru falin í því að auka framleiðni auðlindabundinna útflutningsgreina.
- Sjávarútvegurinn hefur verið leiðandi á þessari braut og fyrirséð að framleiðni eigi eftir að aukast enn frekar á næstu árum.

## Auðlindatengdar útflutningsgreinar

- Nýta þá hlutfallslegu yfirburði sem við búum yfir í auðlindabundnu greinunum.
- Efla þær útflutningsgreinar sem vinna að betri nýtingu framleiðsluþátta auðlindanna.
- Það er hugvit, tækni og þekking sem er ekki bundin við staðbundnar auðlindir á Íslandi.
- Heldur er mögulegt að flytja hana út um allan heim, hvort sem það tengist sjávarútvegi, orku, ferðaþjónustu eða öðrum auðlindum.

## Útflutningsgreinar ótengdar auðlindum

- Fyrirtæki sem þurfa ekki að reiða sig á auðlindanýtingu á nokkurn hátt.
- Hugvits- og tæknifyrirtæki.
- Ísland er kjörinn markaður fyrir vöxt slíkra fyrirtækja.

# Það eru tvær leiðir í boði

## Leið 1: Föst í sama hjólfarinu

- Ísland verður áfram öfgaríki meðal annarra iðnríkja. Með einar mestu sveiflur í verðlagi, gengi og landsframleiðslu.
- Áfram ríki sem glímir við lága framleiðni.
- Áfram ríki sem glímir við fábreytni útflutnings, þar sem útflutningsgreina eiga erfitt með að vaxa og dafna í sveiflukenndu hagkerfi.
- Lág framleiðni og miklar hagsveiflur kemur niður á hagvexti.
- Minni hagvöxtur helst í hendur við lakari lífskjör.



## Leið 2: Skiptum um gír

- Aukin áhersla á að vernda samkeppnisstöðu útflutningsgreina með bættri hagstjórn sem tryggir aukinn stöðugleika.
- Aukinn stöðugleiki mun styðja við frekari vöxt útflutningsgreina og um leið stuðla að fjölbreytni útflutnings.
- Þá mun aukinn stöðugleiki stuðla að aukinni framleiðni.
- Aukin framleiðni helst í hendur við aukinn hagvöxt.
- Aukinn hagvöxtur stuðlar að bættum lífskjörum hjá öllum.

SA

# Efnisyfirlit

1 Níu atriði sem einkenna núverandi stöðu

2 Hvernig varðveitum við núverandi stöðu?

**3 Samantekt**

SA

# Skilaboð SA eru skýr

## Eyjólfur

- Lærum af nágrannaþjóðum
- Óábyrg launastefna hins opinbera
- Blikur á lofti í efnahagsmálum
- Mikil óvissa framundan við gerð kjarasamninga

## Halldór

- Efnahagsleg staða þjóðarbúsins er einstök um þessar mundir
- Það er óábyrgt að endurtaka mistök fortíðar
- Heppnin var með okkur og verðbólgan skilaði sér ekki
- Nýtt kjarasamningslíkan er ekki val heldur nauðsyn

## Ásdís

- Varðveitum núverandi stöðu
- Efnahagsleg hagsæld og launahækkanir framtíðar byggja á vexti útflutningsgreina
- Aukin áhersla á samkeppnis-stöðu útflutningsgreina
- Lærum af reynslu Norðurlanda

**Efnahagslegur stöðugleiki skilar sér í bættum lífskjörum til allra – hóflegar launahækkanir í takt við framleiðnivöxt eru almannagæði**

SA


SÖÐULHÓLAR
ÖXARÁ
MJÓAFELL
SLEÐAÁS
ARNARKLETTUR
NÓN